



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðhorfskönnun Maskínu um göngugötur 2023

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. september 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Enn á ný eru kynntar niðurstöður viðhorfskönnunar Maskínu um göngugötur 2023. Þetta er árlegt. Niðurstöður eru að mörgu leyti þær sömu í grunninn og í fyrra og í hitteðfyrra og árið þar áður, þ.e. þeir sem búa fjarri miðbænum og eru eldri eru neikvæðir, þeir sem búa nær og eru yngri eru jákvæðari gagnvart göngugötum. Í raun er sem sagt fátt nýtt hér undir sólinni. Reykjavíkurborg kaupir árlega könnun af þessu tagi frá Maskínu. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um kostnað? Hvað kostar það borgina að láta gera svona könnun?

Hvað margar viðhorfskannanir hafa verið gerðar um göngugötur s.l. 10 ára. Gott væri að fá heildarkostnaðinn.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 4. október 2023.

Svar:

Frá árinu 2017 hefur Maskína gert kannanir um göngugötur. Einhverjar kannanir voru gerðar áður en þær voru oft gerðar samhliða öðrum könnunum eða með öðrum hætti og því erfitt að gera grein fyrir kostnaði við þær. Heildarupphæð greiddra reikninga vegna kannanna um göngugötur frá árinu 2017 er 2.927.419 kr, þar af var kostnaður við gerð könnunar 2023 609.615 kr.

Beðist er velvirðingar á því hve seint svar berst við fyrirspurninni.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri